

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Deiliskipulagsbreyting, Bakkagerði 1.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. febrúar 2026. Í gildi er deiliskipulagið Bakkagerði 1, samþykkt 18. febrúar 2003, ásamt áorðnum breytingum. Einungis er gerð breyting á uppdrætti. Breytingin tekur til lóðar við Brekkugerði 1, lóðin er stækkuð til austurs og fer úr því að vera 859,1 m² í 1.154 m². Að öðru leyti gilda skilmálar eldra skipulags. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Óveruleg deiliskipulagsbreyting, Melur 1.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. febrúar 2026. Í gildi er deiliskipulagið Melur 1, Reyðarfirði sem samþykkt var í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 6. apríl 2000, ásamt áorðnum breytingum. Breyting er einungis gerð á uppdrætti. Með breytingunni er lóð við Kvíabrekku 2 stækkuð úr 157,2 m² í 237 m² og færð til vesturs þannig að núverandi spennistöð sé innan lóðar og byggingarreits. Einnig er lega göngustígs við lóðina uppfærð miðað við núverandi staðsetningu. Að öðru leyti gilda skilmálar eldra deiliskipulags. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Fjarðabyggð, 13. febrúar 2026.

Aron Leví Beck skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. febrúar 2026